

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.

Starfsáætlun 2015



Efnisyfirlit

| | |
|------------------------------------------------------------------|---|
| Inngangur..... | 3 |
| 1. Forsendur og umgjörð starfseminnar..... | 3 |
| 1.1. Samþykktir félagsins..... | 3 |
| 1.2. Stefnumótun félagsins..... | 3 |
| 1.3. Samstarfssamningar við Byggðastofnun og sveitarfélögin..... | 3 |
| 2. Verkefni og áherslur starfsársins..... | 4 |
| 2.1. Grunnstarfsemi..... | 4 |
| 2.2. Atvinnuráðgjöf og nýsköpun..... | 4 |
| 2.3. Þjónustuverkefni..... | 5 |
| 2.4. Atvinnu- og byggðaþróun..... | 5 |
| 2.5. Verkefnastjórn..... | 6 |
| 2.6. Skilgreind þróunarverkefni..... | 6 |
| 2.7. Önnur tilfallandi verkefni..... | 7 |
| 3. Starfsmannahald og rekstur..... | 7 |
| 4. Rekstraráætlun ársins..... | 8 |

Inngangur

Skilgreindur tilgangur félagsins í samþykktum, stefnumótun þess frá 2010 ásamt samstarfssamningum við Byggðastofnun og sveitarfélögin á starfssvæðinu eru sá rammi sem um starfsemina er dreginn.

Verkefni eru hér flokkuð í sjö verkefnaflokka, annars vegar í þeim tilgangi að greina svokallaða grunnstarfsemi félagsins út frá þeim forsendum sem starfsemin byggist á, en hins vegar út frá eðli verkefnanna.

Ljóst er að engin föst viðmið eru til reiðu um það hvert umfang starfseminnar þarf að vera svo unnt sé að sinna þeim fjölbættu hlutverkum sem félaginu eru ætluð. Sá rammi sem því stýrir á hverjum tíma eru þeir fjármunir sem til starfseminnar eru lagðir og þar með sá mannaúður sem félagið hefur úr að spila á hverjum tíma.

Vegna óvissu um ýmsa þætti í starfsemi félagsins á árinu var starfsáætlun þessi ekki samþykkt fyrr en á fundi stjórnar 24. mars 2015 en rekstraráætlunin var samþykkt á fundi stjórnar 11. nóvember 2014.

1. Forsendur og umgjörð starfseminnar

1.1. Samþykktir félagsins

Í 3. gr. samþykpta félagsins er tilgangur þess þannig skilgreindur:

Tilgangur félagsins er að stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs og að bæta almenn búsetuskilyrði í Þingeyjarsýslu í samstarfi við sveitarfélög og samtök þeirra. Skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttum stuðningsaðgerðum í þágu þeirra sem eru í atvinnurekstri, hyggja á atvinnurekstur eða tengjast atvinnurekstri. Auka nýsköpun og arðsemi í atvinnulífinu með verkefnum og þjónustu sem fela í sér hagnýt gildi og eru hvetjandi til athafna á sviði atvinnusköpunar.

1.2. Stefnumótun félagsins

Stefnumótun félagsins frá árinu 2010 skilgreinir tilgang og starfsemi félagsins þannig:

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (AÞ) er aflhvati atvinnulífsins í Þingeyjarsýslu. Félagið starfar á sviði ráðgjafar og nær starfssvæði þess frá Þingeyjarsveit í vestri til Langanesbyggðar í austri. AÞ er hlutafélag og samstarfsvettvangur sveitarfélaga, fyrirtækja, einstaklinga og hagsmunasamtaka á sviði atvinnu- og byggðamála. Meginhlutverk þess er að veita ráðgjöf og þjónustu sem hefur það meginmarkmið að stuðla að fjölbreyttu, öfluggu og sjálfbæru atvinnulífi á starfssvæðinu og stuðla þannig að jafnvægi á sviði umhverfis, efnahags og samfélags.

Með aflhvata atvinnulífsins er átt við að AÞ er leiðandi og leitast við að efla atvinnulíf á svæðinu með miðlun þekkingar og kortlagningu sóknarfæra sem byggjast á auðlindum og sérstöðu svæðisins. AÞ er mótandi afl í sameiginlegri atvinnuuppbyggingu sveitarfélaganna á starfssvæðinu og hefur frumkvæði að könnun atvinnutækifæra og kynningu á þeim fyrir frumkvöðlum og fjárfestum.

1.3. Samstarfssamningar við Byggðastofnun og sveitarfélögin

Samningar Byggðastofnunar við atvinnuþróunarfélagin voru endurnýjaðir í apríl 2013 og gilda til 31. desember 2017 og eru uppsegjanlegir með sex mánaða fyrirvara. Í gildi eru eldri samningar við

sveitarfélögin á starfssvæði félagsins, en í báðum þessum samningum eru skilgreind verkefni sem félaginu ber að vinna að.

Eftirtalin verkefni eru skilgreind í samningnum:

- **Atvinnu- og byggðapróun**, sem felur í sér aðkomu að mótun samþættrar stefnu í atvinnu- og byggðamálum á starfssvæðinu, m.a. í samstarfi við ríkisvaldið, sveitarfélögin og ýmsa hagsmunaaðila, s.s. með gerð úttekta á möguleikum í atvinnumálum á svæðinu.
- **Atvinnuráðgjöf**, sem felur í sér ráðgjöf um stofnun og rekstur fyrirtækja, þ.m.t. markaðsmál, vöruþróun, fjármögnun og endurskipulagningu.
- **Nýsköpun**, sem felur í sér stuðning við frumkvöðla en einnig eftir atvikum þátttöku í verkefnum með fleiri aðilum inna stoðkerfisins, s.s. Byggðastofnun eða Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- **Búsetuþættir**, sem felur í sér greiningu og eflingu á innviðum samfélagsins, s.s. samgöngumál, verslun og þjónustu, félagslegt umhverfi og menntun- og menningarmál í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.
- **Upplýsingaöflun**, sem snýr að atvinnulífi og búsetuþáttum á starfssvæðinu almennt ásamt upplýsingaöflun vegna einstakra verkefna sem unnið er að.
- **Endurmenntun, samstarf og fl.** sem til þess er fallið að efla þekkingu og fagmennsku félagsins á viðfangsefnum sínum og styrkja starfmenn í starfi.

2. Verkefni og áherslur starfsársins

2.1. Grunnstarfsemi

Undir þennan þátt starfseminnar flokkast:

- Bókhald, fjárreiður og áætlanagerð
- Símsvörun og almenn afgreiðsla
- Starfsmannafundir, starfsdagar og endurmenntun starfsmanna
- Fundir og ráðstefnur sem ekki eru hluti skilgreindra stærri verkefna
- Vefsíða
- Fyrirtækjaheimsóknir og fundir með sveitarfélögum
- Ýmsar umsagnir og almenn hagsmunagæsla
- Samstarf á sviði ferða- og markaðsmála
- Þróun og kynning nýrra atvinnutækifæra, þ.m.t. gagnvart erlendum fjárfestum

Samtals er gert ráð fyrir að verja til þessa starfsemisspáttar 16,3 mannmánuðum á árinu 2015.¹

2.2. Atvinnuráðgjöf og nýsköpun

Aðstoð við frumkvöðla og starfandi fyrirtæki er vissulega hluti af grunnstarfsemi félagsins en haldið er utan um einstök verkefni á þessu sviði í verkþókhaldi. Hér er annars vegar um að ræða almenna ráðgjöf sem byggist á þeirri eftirspurn sem er á hverjum tíma og hins vegar skilgreind verkefni sem talið er mikilvægt að fara í.

¹ Þ.m.t. er orlof starfsmanna og lögbundnir frídagar.

Þau verkefni sem hér um ræðir eru:

- Aðstoð við frumkvöðla og fyrirtæki
 - Um er að ræða ráðgjöf af ýmsu tagi, allt frá einstökum viðtölum þar sem farið er yfir hugmyndir og til vinnu við gerð viðskipta- og rekstraráætlana, hvort sem um er að ræða ný verkefni og / eða endurskipulagningu rekstrar.
- Átak í gæða- og öryggismálum atvinnulífsins
 - Verkefnið felst í því að hvetja fyrirtæki til að leggja aukna áherslu á gæða- og öryggismál m.a. til að uppfylla betur opinberar kröfur og einnig til að bæta samkeppnisstöðu sína á sífelld harðnandi markaði. Unnið verður með fyrirtækjum í innleiðingu kerfa og er markmiðið ekki síst að auka efnahagslegan ávinning atvinnulífsins á svæðinu af væntri stóriðjuuppbyggingu á Bakka.

Samtals er gert ráð fyrir að verja til þessa starfsemisspáttar 5,7 mannmánuðum á árinu 2015.

2.3. Þjónustuverkefni

Þessi þáttur starfseminnar tekur til skilgreindra verkefna sem félagið hefur tekið að sér, annað hvort með sérstökum samningum eða vegna eignatengsla.

Þau verkefni sem um er að ræða eru:

- Héraðsnefnd Þingeyinga skv. samstarfssamningi frá 2007
 - Skv. ákvörðun héraðsnefndar er verið að skoða samstarf sveitarfélaganna á svæðinu með það að markmiði að efla það. Því má gera ráð fyrri meiri vinnu við þennan þátt en undanfarin ár.
- Samtök atvinnurekenda á Norðausturlandi
 - Gert er ráð fyrir hefðbundnum rekstri á árinu
- Aurora Observatory skv. samningi við stofnunina
 - Framkvæmdir við byggingu rannsóknarstöðvarinnar á Kárhóli eru í undirbúningi og gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á árinu sem mun kalla á talsvert meiri vinnu en á síðasta ári.
- Vaxtarsamningur Norðausturlands skv. samningi við Eyþing.
 - Unnið er að gerð nýrra samninga og verklags vegna breytinga á fyrirkomulagi á stuðningi ríkisvaldsins við málaflokkinn sem kallar á aukið vinnuframlag.
- Verkefnisstjórn vegna uppbyggingar orkufreks iðnaðar á svæðinu
 - Gera má ráð fyrir að starfinu ljúki á árinu við upphaf framkvæmda PCC á Bakka
- Málmiss hf. sem félagið á hlut í
 - Óvissa er um framtíð félagsins þar sem samningar um innkomu erlendra aðila í rannsóknir hafa ekki gengið eftir.

Samtals er gert ráð fyrir að verja til þessa starfsemisspáttar 5,6 mannmánuðum á árinu 2015.

2.4. Atvinnu- og byggðaðróun

Hér undir eru flokkuð verkefni sem snúa að upplýsingaöflun, greiningu og stefnumótunarvinnu fyrir svæðið, oft unnin í samstarfi við aðra aðila, s.s. Byggðastofnun, Þekkingarnet Þingeyinga, Eyþing og sveitarfélögin.

Um eftirfarandi verkefni er að ræða:

- Atvinnumálakönnun
- Sóknaráætlun Norðurlands eystra unnin í samstarfi með Eyþingi, sveitarfélögum og öðrum haghöfum á svæðinu.
- Samstarfsverkefni með Byggðastofnun, s.s. skilgreining vinnusóknarsvæða og verkefni sem snýr að uppbyggingu gagnabanka um atvinnu- og byggðamál.

Samtals er gert ráð fyrir að verja til þessa starfsemisspáttar 4,9 mannmánuðum á árinu 2015.

2.5. Verkefnastjórn

Undir þennan lið fellur vinna starfsmanna vegna verkefnastjórnunar í verkefnum sem rekin eru á starfssvæðinu. Engir samningar eru í gildi í dag en verkefni af þessu tagi eru félaginu verðmæt vegna þeirra tengsla sem þau mynda og er gert ráð fyrir lágmarksvinnuframlagi í þennan lið til að mæta mögulegum verkefnum ársins.

Samtals er gert ráð fyrir að verja til þessa starfsemisspáttar 0,5 mannmánuðum á árinu 2015.

2.6. Skilgreind þróunarverkefni

Undir þennan lið eru flokkuð þróunarverkefni sem skilgreind hafa verið og félagið vinnur að í samstarfi við mismunandi hópa haghafa eftir eðli verkefna.

Þau verkefni sem hér eru skilgreind eru:

- Raufarhöfn og framtíðin
 - Samstarfsverkefni með Byggðastofnun, Norðurþingi og íbúum á Raufarhöfn sem er hluti átakans „Brothættar byggðir“. Tilgangurinn er að efla þau byggðarlög sem orðið hafa fyrir áföllum. Sótt hefur verið um að Kópasker verði hluti verkefnisins en sú umsókn bíður afgreiðslu Byggðastofnunar. Verkefnisstjóri hefur verið ráðinn og er gert ráð fyrir að hann hefji störf í apríl.
- FabLab
 - Verkefninu verður fylgt eftir í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga en markmiðið er að ná samningi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um mönnun á FabLab sem byggir á þeirri tæknismiðju sem þegar er fyrir hendi.
- Edge of the Arctic – kynningavefir
 - Unnið er að því í samstarfi við MN að koma kynningarefninu fyrir á www.nordurland.is þannig að svæðið verði þar áfram sýnilegt.
- Samstarf á sviði lághitanýtingar
 - Um er að ræða samstarf við Landsvirkjun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Norðurþing, Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit um þá nýtingarmöguleika sem opnast við virkjun háhitasvæða til raforkuframléiðslu.

Samtals er gert ráð fyrir að verja til þessa starfsemisspáttar 10 mannmánuðum á árinu 2015.

2.7. Önnur tilfallandi verkefni

Í starfsemi af því tagi sem rekin er af félaginu er nauðsynlegt að gera ráð fyrir talsverðum sveigjanleika í verkefnum þannig að unnt sé að bregðast við aðkallandi málum þegar þau koma upp. Þannig hafa ýmis verkefni undanfarinna ára komið upp með tiltölulega skömmum fyrirvara.

Samtals er gert ráð fyrir að verja til þessa starfsemisspáttar 3,3 mannmánuðum á árinu 2015.

3. Starfsmannahald og rekstur

Sú breyting verður á starfsmannahaldi að gert er ráð fyrir að fjórði starfsmaðurinn komi til starfa hjá félaginu í apríl vegna byggðaeflingarverkefnisins á Raufarhöfn.

Leiguhúsnæði félagsins að Garðarsbraut 5 er í samræmi við starfsmannafjölda og er gert ráð fyrir óbreyttri stöðu húsnæðismála á árinu. Vegna byggðaeflingarverkefnisins á Raufarhöfn er gert ráð fyrir að Norðurþing muni leggja félaginu til starfsaðstöðu þar endurgjaldslaust og einnig á Kópaskeri, ef byggðarlagið verður hluti verkefnisins. Til að ná fram markmiðum starfsáætlunar um fyrirtækjaheimsóknir, fundi með sveitarstjórnnum og almennt meiri sýnileika félagsins á hinu víðfeðma starfssvæði er gert ráð fyrir auknum ferðakostnaði.

Í samþykktri rekstraráætlun var ekki gert ráð fyrir kostnaði og tekjum vegna byggðaeflingarverkefnisins á Raufarhöfn, enda lá ekkert fyrir þegar áætlunin var afgreidd um útfærslu þess. Þó samningum um verkefnið sé ekki að fullu lokið er gert ráð fyrir að tekjur og gjöld vegna þess muni ekki hafa áhrif á rekstraniðurstöðu félagsins, nema þá að óverulegu leiti.

4. Rekstraráætlun ársins

| | Sameiginlegur rekstur | Edge of the Arctic | VAXNA | Rekstrar- verkefni | Áætlun 2015 |
|-------------------------------------------|--------------------------|-----------------------|-------------------|-----------------------|-------------------|
| Framlög frá Byggðastofnun | 13.473.571 | | | | 13.473.571 |
| Framlög frá sveitarfélögum | 15.091.808 | | | | 15.091.808 |
| Vaxtarsamningur | | | 2.000.000 | | 2.000.000 |
| Þjónustutekjur rekstrarverkefna | | | | 2.495.000 | 2.495.000 |
| Héraðsnefnd Þingeyinga | | | | 945.000 | 945.000 |
| Samtök atvinnurekenda á NA-landi | | | | 150.000 | 150.000 |
| Aurora Observatory | | | | 1.250.000 | 1.250.000 |
| Verkefnisstjórn | | | | 150.000 | 150.000 |
| Tekjur af vörusölu | | 250.000 | | | 250.000 |
| Aðrar tekjur | | | | | 0 |
| Tekjur samtals | 28.565.379 | 250.000 | 2.000.000 | 2.495.000 | 33.310.379 |
| Laun og launatengd gjöld | 25.438.222 | | | | 25.438.222 |
| Launafærslur á verkefni | -5.628.887 | 546.386 | 2.823.612 | 2.258.889 | 0 |
| Bifreiðakostn. starfsm. & stjórnar | 529.456 | | | | 529.456 |
| Starfsmannatryggingar | 81.000 | | | | 81.000 |
| Bílaleigubílar | 250.000 | | | | 250.000 |
| Námskeið og annar starfsmannak. | 100.000 | | | | 100.000 |
| Húsaleiga | 2.195.000 | | | | 2.195.000 |
| Ræsting húsnæðis | 380.000 | | | | 380.000 |
| Kaffistofa | 120.000 | | | | 120.000 |
| Sími | 205.000 | | | | 205.000 |
| Burðargjöld | 50.000 | | | | 50.000 |
| Bækur, blöð og tímarit | 40.000 | | | | 40.000 |
| Pappír, prentun og ritföng | 290.000 | | | | 290.000 |
| Rekstur tölvukerfis | 1.250.000 | 35.000 | | | 1.285.000 |
| Endurskoðun | 875.000 | | | | 875.000 |
| Sérfræðiþjónusta | 100.000 | | | | 100.000 |
| Ferðakostnaður | 300.000 | | | | 300.000 |
| Félags- og aðildargjöld | 100.000 | | | | 100.000 |
| Fundakostnaður | 250.000 | | | | 250.000 |
| Auglýsingar | 55.000 | | | | 55.000 |
| Ábyrgðar- og lausafjártryggingar | 40.000 | | | | 40.000 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 50.000 | | | | 50.000 |
| Aðstöðukostnaður á verkefni | -409.500 | 58.500 | 195.000 | 156.000 | 0 |
| Ýmis kostnaður | 25.000 | | | | 25.000 |
| Birgðabreytingar | | | | | 0 |
| Afskrift & niðurfærsla viðsk.krafna | 25.000 | | | | 25.000 |
| Afskriftir | 105.000 | | | | 105.000 |
| Rekstrargjöld samtals | 26.815.291 | 639.886 | 3.018.612 | 2.414.889 | 32.888.678 |
| Rekstramiðurstaða fyrir fjárm.liði | 1.750.088 | -389.886 | -1.018.612 | 80.111 | 421.701 |
| Vaxtatekjur | 400.000 | | | | 400.000 |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður | -35.000 | | | | -35.000 |
| Fjármagnsliðir samtals | 365.000 | | | | 365.000 |
| Rekstramiðurstaða tímabilsins | 2.115.088 | -389.886 | -1.018.612 | 80.111 | 786.701 |